

Reykjanesbær
Gunnar Kristinn Þór Ottósson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 18. desember 2024
UST202411-126/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting - Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020–2035 - M9 Vatnsnes

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar er barst 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020–2035 fyrir miðsvæðið M9 Vatnsnes í Keflavík.

Í greinargerð kemur fram að breytingin nær til miðsvæðisins Vatnsness í Keflavík sem er um 18,5 ha. Núgildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir 600 íbúðum á svæðinu en við breytinguna fjölgar íbúðum í 1250 og heildarbyggingarmagn eykst sem gerir ráð fyrir íbúðum og annarri þjónustu á svæðinu.

Vatn

Umhverfisstofnun bendir á að uppfæra þarf viðmið í umhverfispættinum 1.4 *Sjór strandlengja* þar sem Vatnaáætlun 2022–2022¹ ætti einnig að vera viðmið við mat á umhverfispáttum. Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla).

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan sé í samræmi við stefnumörkun Vatnaáætlunar 2022-2027, þ.e. að stjórnvöld tryggji að þau umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlot á svæðinu náist (grunnvatnshlotið Rosmhvalanes (104-115-2-G)² sem er metið í hættu og strandsjávarvatnshlotið Hafnir að Gróttu (104-1382-C)³) ef líkur eru á að fyrirhuguð landnotkun geti haft neikvæð áhrif á vatnshlot. Starfsemi eða framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau. Fyrir frekari upplýsingar sjá vefsíðuna www.vatn.is.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Til að uppfylla ákvæði 28. gr. bendir Umhverfisstofnun á að sveitarfélög eiga að taka fram hvort og þá hvaða landnotkun getur haft neikvæð áhrif á vatn, s.s. iðnaðarsvæði, vegagerð og

¹ [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20(1).pdf)

² <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-115-2-G>

³ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-1382-C>

fleira. Þar sem sveitarfélagið telur að framkvæmdir hafi áhrif á vatn þarf að gera framkvæmdaraðilum ljóst að vinna þurfi áhrifamat á síðari stigum hvort sem það er sveitarfélagið sjálft sem vinnur það eða aðrir. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur gefið út [leiðbeiningar um gerð áhrifamats fyrir vatnshlot](#).⁴

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna bera sveitarfélög ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna ásamt hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Reykjanesbær uppfyllir ennþá ekki kröfur um hreinsun á skólpi fyrir þéttbýlið og aukin byggð og starfsemi mun auka álag á núverandi fráveitu. Sveitarfélagið verður að greina frá því hvernig það ætlar að tryggja m.a. hreinsun á fráveituvatni frá aukinni byggð.

Samkvæmt stöðuskýrslu um fráveitumál á Íslandi 2022⁵ er aðeins um 42% skólps í þéttbýlinu hreinsað með grófhreinsun, annað fer óhreinsað út í sjó. Samkvæmt gögnum Umhverfisstofnunar eru 10-12 útrásir frá þéttbýlinu og stór hluti þeirra að losa óhreinsað skólp. Útrásirnar uppfylla ekki ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp um að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skuli veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Auk þess er óheimilt að leiða skólp þannig að frárennslisop opnist til hafna.

Í greinargerð skal fjalla um hver staða fráveitumála sé, magn og umfang fráveitu og hreinsun á skólpi, hvernig aukin byggð mun hafa áhrif á núverandi innviði og hvaða uppbygging mun eiga sér stað til að uppfylla kröfur laga og reglugerða.

Að auki vill Umhverfisstofnun benda á að meginkrafa hreinsunar á skólpi skv. reglugerð um fráveitur og skólp er tveggja þrepa hreinsun og vilji sveitarfélagið hreinsa skólp með eins þreps hreinsun þarf að gera rannsóknir á viðtaka og óska eftir skilgreiningu á viðtaka sem síður viðkvæmur til Umhverfisstofnunar (skv. gr. 20 í rgl. um fráveitur og skólp).

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur

⁴ [Umhverfisstofnun | Áhrifamat fyrir vatnshlot](#)

⁵ [Stöðuskýrsla fráveitumála 2022](#)